



Stjórn SSH 353. fundur

Mánudaginn 6. september 2010 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, , Gunnar Einarsson, Guðrún Pálsdóttir, Guðmundur R. Árnason, Pálmi Másson, Dagur B. Eggertsson og Guðný G. Ívarsdóttir.

Ásgerður Halldórsdóttir var fjarverandi.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður bauð nýjan stjórnarmann velkominn til starfa. Síðan var gengið til dagskrár.

Þetta gerðist:

1. SSH, framtíðarsýn, samstarf og samvinna aðildarsveitarfélaganna.

Fyrir lá tillaga að vinnu við mótun og úrvinnslu verkefnis sbr. ofanritað og samþykkt stjórnar frá 5. júlí sl. Tillagan var unnin af framkvæmdastjóra og Reyni Kristinssyni ráðgjafa hjá NOR ehf.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti að unnið verði áfram í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu. Ákvörðun um skipun stýrihóps fyrir verkefnið frestað til næsta fundar.

Jafnframt samþykkt að skoða möguleika á að tengja fyrirbyggjandi hugmynd að sérstökum fundi með fulltrúum atvinnulífsins við tilsvarende vinnu á vegum Reykjavíkurborgar.

2. Tilfærsla á þjónustu við fatlaða - undirbúningur.

Fyrir lágu minnisblöð v. funda og undirbúningsvinnu samráðshóps SSH og vinnuhóps vegna skráningar og upplýsingakerfa. Jafnframt lá fyrir ný skýrsla ríkisendurskoðunar v. þjónustu við fatlaða.

Umræður.

Niðurstaða:

Stjórn telur nauðsynlegt, í ljósi niðurstöðu skýrslu ríkisendurskoðunar að haldinn verði sem fyrst fundur stjórnar SSH með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúum ríkisendurskoðunar til að ræða innihald og niðurstöður skýrslunnar.

Framkvæmdastjóra falið að boða til fundarins eins fljótt og kostur er.

3. Aðalfundur SSH og ársfundir byggðasamlaganna.

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra og eftirfarandi tillaga að breytingu á fyrirkomulagi aðalfundar SSH og ársfundum byggðasamlaganna í ár:



„Í ljósi þess að nú verður fundað í upphafi nýs kjörtímabils er lagt til breytt fyrirkomulag fundanna í ár.

Byggðasamlögin haldi í þetta sinn hvert um sig sína ársfundi og „bjóði heim“. Með því gefst tækifæri fyrir alla kjörna fulltrúa og einkanlega þá sem eru nú nýir á þessum vettvangi, að kynnast vel starfsemi þessar sameiginlegu rekstrareininga og fá nauðsynlega yfirsýn yfir starfsemina.

Með sama hætti skapast þá rými í dagskrá aðalfundar SSH til að taka öfluga umfjöllun um málefni sem tengjast hlutverki samtakanna (sbr. 2. grein samþykkt) og vert er að kynna og ræða við upphaf kjörtímabils."

Tillagan samþykkt – framkvæmdastjóra falið að undirbúa málið í samráði við byggðasamlögin og setja fram tillögu að dagsetningum þessara funda.

Upplýst var að Mosfellsbær verði gestgjafi aðalfundar SSH fyrir árið 2010.

4. Önnur mál

a) Málefni tónlistarskólanna – staða í viðræðum ríkis og sambands sveitarfélaga.

Upplýst um stöðu viðræðna.

Stjórn SSH lýsti áhyggjum sínum af seinangangi máls.

b) Málefni byggðasamlaganna

DBE vakti máls á þörf á að farið verði yfir málefni byggðasamlaganna og nefndi sérstaklega þörf á að endurskoða og skerpa stofnsamþykktir og fyrirkomulag og kostnað vegna innri endurskoðunar.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:35